Alþingi
Erindi nr. Þ 141/1820
komudagur 28.2.2013

Alda – félag um sjálfbærni og lýðræði

28. febrúar 2013

Umsögn um: Þingskjal 917 — 541. mál. Frumvarp til laga um útlendinga.

Undanfarna mánuði hefur Alda – félag um sjálfbærni og lýðræði, unnið að málefnum flóttafólks og hælisleitenda. Unnið var í opnu og lýðræðislegu ferli með aðkomu breiðs hóps, bæði íslenskra ríkisborgara og erlendra hælisleitenda. Niðurstaða þeirrar vinnu er eftirfarandi ályktun sem hér með er lögð fram sem umsög um frumvarp til laga um útlendinga.

Fyrir hönd stjórnar Öldu.

Hjalti Hrafn Hafþórsson

Alda kallar eftir endurbótum á málefnum flóttafólks og hælisleitenda
Ályktun samþykkt af Öldu 24. febrúar 2013

Alda – félag um sjálfbærni og lýðræði, hefur eftir mikla heimildavinnu, samráð og samræðu um málefni flóttafólks og hælisleitenda ályktað að þörf sé á tafarlausum endurbótum á regluverki og vinnuferlum sem að þeim lúta.

Samkvæmt 14. grein mannréttindayfirlýsingar Sameinuðu þjóðanna eiga allir rétt á að leita og njóta griðlands erlendis gegn ofsóknum. Mannréttindi eru reglulega brotin á Íslandi í skjóli skrifræðis. Þessu þarf að breyta.

Alda kallar eftir því að eftirfarandi atriði verði lagfærð á næstu sex mánuðum:

- Hælisleitendur verði ekki handteknir og ákærðir við komuna til landsins og þar með gerðir að glæpamönnum. Að leita sér hælis er ekki glæpur en þó eru allir hælisleitendur fangelsaðir við komuna til landsins. Þetta verklag er óréttlætanlegt og veita skal sakaruppgjöf hverjum þeim sem nú þegar hefur orðið fyrir barðinu á þessu athæfi stjórnvalda.

- Hælisleitendur skulu hvorki ákærðir né færðir í gæsluvarðhald fyrir að hafa ólögleg skilríki við komuna til landsins. Slíkt stríðir gegn reglum Sameinuðu þjóðanna samkvæmt 31. grein samnings um réttarstöðu flóttamanna. Það er fullkomlega eðlilegt að fólk á flótta, hugsanlega undan ofsóknum yfirvalda, noti ólögleg skilríki.

- Fólk sem sækir um hæli hér á landi skal fá aðstoð lögfræðings að eigin vali með viðunandi reynslu eða sérhæfingu í málefnum flóttafólks og hælisleitenda.

- Í öllum málaferlum, yfirheyrslum, skýrslutökum og við miðlun mikilvægra upplýsinga skal túlkur vera til staðar. Túlkun skal fara fram á móðurmáli viðkomandi einstaklings.

- Hælisleitendur eiga að fá að vinna. Rétturinn til að vinna telst til grundvallarmannréttinda samkvæmt 23. grein mannréttindayfirlýsingar Sameinuðu þjóðanna. Það sama má segja um réttinn til að ganga í stéttarfélag.

- Brottvísunum byggðum á Dublin-reglugerðinni skal hætt tafarlaust. Reglugerðin beinir hælisleitendum að landamæraríkjum Evrópusambandsins sem hafa afar takmarkaða getu til að taka á móti þeim fjölda hælisleitenda sem þangað kemur og því er flestum vísað aftur til heimalands síns.

- Afgreiðslutími umsókna um hæli hér á landi verður að takmarkast við nokkra mánuði. Veita þarf þarf auknu fjármagni í það ferli ef ekki er hægt að afgreiða umsóknir á viðunandi tíma. Verklagsferlið verður einnig að vera opið og gagnsætt. Gagnsæi er nauðsynlegt til þess að stofnanir lýðræðislegs samfélags geti talist ábyrgar gagnvart fólkinu sem þær þjóna. Einnig er ótækt að hælisleitendur þurfi að bíða mánuðum eða árum saman meðan örlög þeirra eru ákveðin bak við luktar dyr.

- Sé umsókn um hæli hér á landi hafnað skal gefin út skýrsla þar sem gerð er grein fyrir þeirri ákvörðun og hún rökstudd. Skýrslan skal gefin út þremur mánuðum fyrir brottvísun.

- Hafi umsókn um hæli ekki verið afgreidd sex mánuðum eftir að hún var lögð fram skal hæli veitt tafarlaust af mannúðarástæðum.

- Hælisleitendum skal tryggður aðgangur að allri samfélagsþjónustu á borð við heilsugæslu, skólum, bókasöfnum, íþróttamannvirkjum, opinberum viðburðum o.s.frv., til jafns við íslenska ríkisborgara. Margir hælisleitendur eru félagslega einangraðir en hafa nánast enga möguleika á þátttöku í samfélaginu. Mörg líkamleg og andleg heilsufarsvandamál má rekja til slíkrar einangrunar.

- Hælisleitendum skal veitt aðstaða í viðunandi húsakosti á meðan umsókn þeirra um hæli er afgreidd. Þessi aðstaða skal vera staðsett í Reykjavík en ekki t.d. í Reykjanesbæ. Hælisleitendur ættu að hafa aðgang að allri grunnþjónustu í sínu nánasta umhverfi.

- Sérstaka ummönnun og athygli skal veita börnum hælisleitenda í samræmi við Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna.

- Allt regluverk um málefni hælisleitenda skal miða að því að gera biðina eftir hæli eins stutta og auðvelda og mögulegt er. Kerfið á að bera vott um jákvæða afstöðu og miða að því að hjálpa fólki.

Nánari umfjöllun

Stríð, fátækt, ofsóknir og aðrar þær aðstæður sem fá fólk til að flýja heimili sín má oftar en ekki rekja til efnahagslegra og félagslegra ferla sem grundvallast á misskiptingu auðæfa og ólýðræðislegu stjórnarfari. Arðrán þriðja heimsins af hálfu vestrænna ríkja hefur haft mikið að segja við að skapa slíkar aðstæður. Ísland hefur hagnast á þessari skipan mála en hefur á sama tíma neitað að gangast við afleiðingunum með því að leyfa fórnarlömbum þessa kerfis að setjast hér að. Svo lengi sem auðlindir og fjármagn flæða frjálst um heiminn ættu manneskjur að geta það líka.

Mörg vandamál hafa orðið til vegna skiptingar heimsbyggðarinnar í þjóðríki. Minnihlutahópar og einstaklingar sem tilheyra ekki „þjóðinni“ verða í því kerfi ríkisfangslausir og eru þar með útilokaðir frá pólitísku samfélagi. Allir menn ættu að njóta mannréttinda en í raun eru margir sem engra réttinda njóta. Sú skylda að tryggja mannréttindi hvílir á þjóðríkjum heimsins. Þeir sem eru án ríkisfangs hafa af þeim sökum enga tryggingu fyrir því að réttindi þeirra séu virt.

Þessi vandamál verða ekki leyst af íslenska ríkinu út af fyrir sig heldur þarf heimsbyggðin að takast á við þau í sameiningu. Íslenska ríkið ætti hinsvegar að vera leiðandi í þessum efnum og takast tafarlaust á við vandamál hælisleitenda og flóttafólks í heiminum.